

14. fundur 7. nóvember.

Allir aðalmenn mættir.

1. Fundargerð Skipulags- og bygginganefndar frá 26. október lögð fram og samþykkt.
2. Beiðni frá Vegagerðinni, um framkvæmdaleyfi til brúargerðar yfir Haffjarðará.
Framlagt bréf Vegagerðarinnar dags. 18.10.2010 varðandi framkvæmdaleyfi vegna endurbyggingar Snæfellsnesvegur og brúar yfir Haffjarðará.
Hreppsnefnd samþykkti að veita framkvæmdaleyfið með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar og samþykki Umhverfisstofnunar skv. ákvæði til bráðbirgða í skipulags- og byggingalögum.
Skipulags- og byggingafulltrúa var falið að senda erindið til umræddra aðila.
3. Beiðni Héraðsráðs um aukaframlag.
Samþykkt og oddvita veitt heimild til að ganga frá málum.
4. Erindi Félags sauðfjárbænda á Snæfellsnesi um niðurfellingu húsaleigu að Breiðabliki vegna lambhrútahátíðar. Samþykkt.
5. Erindi SSV vegna starfshóps um sameiningu sveitarfélaga.
Guðbjartur Gunnarsson var tilnefndur af hreppnum í starfshópinn.
6. Önnur mál.
Vefsíðugerð fyrir hreppinn. Þresti og Sigurði falið að ganga í málið.